

Innkauparáð Reykjavíkurborgar
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Efni: Fyrirhuguð snjótroðarakaup fyrir Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins

Með visun í 2 mgr. 37. gr. innkaupareglina Reykjavíkurborgar óskar Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins (hér eftir „SHB“) eftir heimild til beinna samningskaupa á snjótroðara á grundvelli b. lið 2. mgr. 26. gr. innkaupareglina Reykjavíkurborgar og b. lið 2. mgr. 39. gr. laga um opinber innkaup. Kostnaðaráætlun á fyrirhuguðum kaupum eru 52.000.000 kr. m/vsk.

SHB telja kaup á snjótroðara samræmast ákvæðum b. liðar, 2. mgr. 26. gr. innkaupareglina Reykjavíkurborgar og ákvæðum laga um opinber innkaup 120/2018 um viðbótarvörur sbr. b. lið, 2 mgr. 39. gr. þessar greinar hljóða svo:

„Viðbótarvörur sem annaðhvort er ætlað að koma að hluta til í stað venjulegra birgða eða búnaðar eða eru aukning á venjulegum birgðum eða búnaði og val á nýum bjóðanda mundi skuldbinda kaupanda til að kaupa efni sem hefðu aðra tæknilega eiginleika og samræmdust illa eldri tæknibúnaði eða leiddu til óeðlilega mikilla tæknilegra erfiðleika við rekstur og viðhald.“.

SHB hafa undanfarin ár boðið út snjótroðara og hefur niðurstaðan alltaf verið frá sama framleiðandanum Pistenbully. Í gegnum tíðina hefur skapast gríðarleg reynsla af viðgerðum á þeim tækjum. SHB hafa nú öðlast áratuga reynslu af núverandi snjótroðurum og eiga þeir sex slika í dag, fjóra sem nýttir eru í Bláfjöllum og two í Skálafelli. Þá hefur skapast mikill sparnaður þar sem hægt er að samnýta varahluti á milli tækja en einnig vegna þekkingar starfsmanna SHB á þeim snjótroðurum þegar snýr að viðhaldi og rekstri. Sá snjótroðara búnaður sem SHB á fyrir frá núverandi þjónustuaðila er tryggður að verðmæti 230 miljónir króna.

Ljóst er að ef kaup á snjótroðari verður boðið út og niðurstaðan yrði nýr framleiðandi þyrfi SHB að hafa tvöfaldan lager af varahlutum með tilheyrandi flækjustigi við rekstur, viðhalds og aukakostnaðar, að viðbættum kostnaði við að afla reynslu og þekkingar starfsmanna á nýum tækum er snýr að viðhaldi og rekstri. Verðmæti varahlutalagers SHB fyrir snjótroðara er í dag tæpar átta miljónir, sá lager nýtist fyrir sex tæki. Ný gerð af snjótroðara myndi þýða sambærilegan varahlutalager fyrir það eina tæki. Þá á SHB núþegar aukahluti fyrir Pistenbully troðara að verðmæti rúmlega 20 miljónir króna, svo sem snjóblásara, saltdreifara, gaffla, pipedragon tæki til að gera hálf- og kvartpipe. Þessir aukahlutir passa ekki að tæki samkeppnisaðila, því myndi tæki samkeppnisaðila ekki nýtast jafn vel og búnaður frá núverandi þjónustuaðila.


Hæð hurðagats á skemmu í Bláfjöllum var hannað með það í huga að snjótroðarar sem og önnur tæki sem eru í notkun á svæðinu passi vel og engin slysahætta sé til staðar. Snjótroðarar frá samkeppnisaðilanum er hærri en núverandi snjótroðarar, því er ekki hægt með góðu móti að láta þá passa inn í hurðargat skemmunnar nema með sérstökum ráðstöfunum. Í huga SHB yrði ekki spurning um hvort heldur hvenær snjótroðara frá samkeppnisaðilum myndi valda slysi eða tjóni á fasteign og tæki. Skv. athugun frá Feril



verkfræðistofu yrði ekki mögulegt að hafa hærra hurðargat en 3.6 m nema með mikilli breytingu burðarvirkis hússins. Við fyrstu skoðun þyrfti að hækka þakið en sú aðgerð yrði mjög kostnaðarsöm, þá mælir sú verkfræðistofa ekki með að farið yrði í slíka framkvæmd. Rétt er að taka fram að snjótroðararnir er keyrðir inn á um það bil 5 cm háan harðvið svo spyrnurnar á beltunum skemmi ekki gólfíð. Utan við húsið er alltaf þykkur klaki og snjór sem minnkar hæðina á hurðargati um ca. 10 cm.

Skiðasvæði höfuðborgarsvæðisins óska því eftir heimild innkauparáðs til að ganga til beinna samningskaupa á snjótroðara við Arctic Trucks umboðsaðila Pistenbully snjótroðara sbr. b. lið 2. mgr. 26. gr. innkaupareglina Reykjavíkurborgar og b.lið 2. mgr. 39. gr. laga um opinber innkaup. Tilkynning um samningsgerð yrði auglýst sbr. 5 mgr. 26. innkaupareglina Reykjavíkurborgar.

Virðingarfyllst,


Magnús Árnason



Framkvæmdastjóri Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins